

21. september 2018

Formáli

Þjóðsögur og ævintýri eru snar þáttur þeirra bókmennta og munnmæla sem fylgt hafa Íslendingum frá upphafi Íslandsbyggingar – „munn frá munn og mann frá manni“ eins og Guðbrandur Vigfússon komst að orði í formála að fyrstu útgáfu þjóðsagna Jóns Árnasonar 1862. Guðbrandur segir: „Þessar sagnir eru samgrónar hinum sönnu sögum, og finnast hvað mest í þeim sögum, sem beztar eru og sannorðastar.“ Íslendingasögur voru þá taldar vera sannorðar frásagnir af raunverulegum atburðum og fólki af holdi og blóði. Þetta var sagnfestukenningin.

Á síðari hluta 19. aldar tefldi Konráð Maurer prófessor í München fram þeirri skoðun að sögurnar bæri e.t.v. heldur að skoða sem skáldverk en sagnfræði. Óþekktir höfundar þeirra væru ekki annálaritarar heldur skáld enda bæru sögurnar ýmis einkenni skáldskapar frekar en skraufþurra annála þótt þær styddust við gömul munnmæli. Alls væri því óvíst hvort Njáll á Bergþórshvoli, Gunnar á Hlíðarenda og Egill Skallagrímsson hafi nokkurn tímann gengið um grænar sveitir Suðurlands og Borgarfjarðar. Um þetta snýst bókfestukenningin.

Í Íslandsheimsókn sinni 1858 brýndi Maurer þá Jón Árnason og séra Magnús Grímsson til að halda áfram þjóðsagnasafni því sem þeir höfðu unnið að frá 1845 og birt fyrstu drög að 1852, lítið kver. Maurer gaf út eigið safn íslenzkra þjóðsagna í Þýzkalandi 1860, *Isländische Volkssagen*, og beitti sér fyrir áður nefndri útgáfu þjóðsagna Jóns Árnasonar í tveim bindum 1862 og 1864. Magnús Grímsson hafði fallið frá 1860.

Íslendingasögur eru merkar heimildir um sögu landsins á þjóðveldisöld þótt bókfesta hafi smám saman ýtt sagnfestu til hliðar. Aldarfarslýsing skáldanna sem skráðu sögurnar 1200-1350 er trúlega rétt í grófum dráttum hvort sem söguhetjurnar eru upplognar og einstakir atburðir eða ekki. Lýsingin á lífi og hugarheimi þjóðveldisaldar virðist rétt í aðalatriðum. Ef við ættum eintóma annála frá fyrri tíð og engan skáldskap þá vissum við minna um uppruna okkar og sögu en við gerum nú. Skrautlegar skáldsögur eiga greiðari aðgang að lesendum en vindþurrkaðir annálar. Skáldskapur getur opnað mönnum gáttir og glugga sem þurr sagnfræði megnar ekki að ljúka upp.

Sagnaritun nútímans þarfnast með líku lagi bæði sagnfræði og skáldskapar í hæfilegum hlutföllum. Sagnfræði er góðra gjalda verð en hún dugir ekki ein sér til að halda til haga sögu lands og þjóðar. Ljósmyndir duga ekki heldur einar sér eða raunsæismálverk til að veita mönnum fullan skilning á kyrralífi, landslagi eða lifandi fólki. Til þess þarf fjölbreytt efnistöð, margbrotna myndlist. Með því að afbaka fyrirmyndir sínar eftir kúnstarinnar reglum veita myndlistarmenn

okkur nýja sýn, stundum sannari og skarpari, á lífið og tilveruna. Fegurð Þingvalla er meiri í augum margra Íslendinga fyrir þann skilning á landslaginu sem Jóhannes Kjarval veitti þjóðinni í verkum sínum. Myndasmiðir, raunsæismálarar, impressjónistar, expressjónistar og aðrir fylla eyðurnar hver hjá öðrum og búa þannig til sannari mynd af ýmsu því sem fyrir augu ber. Þess vegna eru merkir menn gjarnan heiðraðir með því að láta mála myndir af þeim frekar en að senda þá til ljósmyndara.

Líkt og Íslendingasögur hafa íslenzkar þjóðsögur verðmætt heimildargildi, ekki um þá stundum yfirnáttúrulega fyrirburði sem þar er sagt frá heldur um fólkið sem sagði og geymdi sögurnar mann fram af manni. Þjóðsögurnar eru því samgrónar þjóðarsögunni líkt og þjóðlögin sem séra Bjarni Þorsteinsson safnaði og gaf út 1906-1909 og eru merk heimild um hugðarefni fólksins. Alvanalegt er að tónskáld leitist við að lyfta kvæðum með því að semja sönglög við þau. Franz Schubert samdi 600 sönglög á innan við 20 árum við kvæði sem mörg væru nú annars gleymd og grafin. Hitt er sjaldgæfara að myndlistarmenn freisti þess að lyfta óbundnu máli nema þá með því að myndskreyta bækur. Þekktar eru myndskreytingar norska málarans Andreas Bloch á Íslendingasögum. Danski málarinn Johannes Larsen myndskreytti einnig Íslendingasögur líkt og Gunnlaugur Scheving og ýmsir aðrir íslenzkir myndlistarmenn.

Ásgrímur Jónsson gekk skrefi lengra. Hann vann alla sína tíð að landslagsmyndum og þjóðsagnamyndum hlið við hlið, fyrstur íslenzkra myndlistarmanna. Þjóðsagnamyndir Ásgríms eru ýmist litlar teikningar eða stór olíumálverk.

Og nú er kominn fram á sjónarsviðið annar íslenzkur þjóðsagnamálari í stóru broti, dr. Guðni Harðarson líffræðingur. Þessi bók geymir tuttugu myndir af stórbrotnum málverkum Guðna úr heimi þjóðsagnanna. Guðni Harðarson er lifandi sönnun þess að vísindi og listir eru systur. Hann hefur alla sína tíð starfað erlendis við vísindarannsóknir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og sneri sér um miðjan aldur að myndlist meðfram rannsóknum eftir þeirri reglu að góðum systurum semur vel. Hann hefur haldið einkasýningar á verkum sínum víða um lönd, m.a. í Austurríki, Bandaríkjunum, Frakklandi og Mexíkó auk Íslands.

Þjóðsagnamyndir Guðna Harðarsonar eru listaverk sem mikill fengur er í að komi nú fyrir almennings sjónir, verk sem bregða nýrri birtu á þjóðsögurnar og lyfta þeim. Megi þessar myndir einnig laða nýja lesendur innan lands og utan að þjóðsagnaarfi Íslendinga og samhengi hans við þjóðarsöguna.

Þorvaldur Gylfason.